

Afrit sent á:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Ráðuneytisstjóra Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis
Skrifstofustjóra matvælaöryggis og fiskeldis
Forstjóra Hafrannsóknastofnunar

Efni: Farið er fram á að gerð verði úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunnar er varðar áhættumat erfðablöndunar.

1. Inngangur

Borgar sig að vinna heiðarlega?

Undirritaður kom að vinnu við matsskýrslu fyrir Háafell¹ og vann þar faglega og að fullum heilindum að tillögum sem stuðluðu að því að lágmarka umhverfisáhrif laxeldis. Frummatsskýrsla, undanfari matsskýrslu var kynnt á árinu 2016 og þar var lagt til í umhverfismálum laxeldis það besta sem þekkist erlendis á þeim tíma. Í raun eru tillögur í þessari matsskýrslu sú umgjörð sem almennt hefði átt að vinna eftir við uppbyggingu á umhverfisvænu laxeldi á Íslandi.

Það er ekki hægt að hunsa

Undirritaður er eflaust sá aðili hér á landi sem hefur mesta almenna þekkingu á umhverfismálum laxeldis í sjókvíum. Hef unnið mikið fyrir stjórnvöld að málefnum er tengjast umhverfismálum fiskeldis, komið að gerð laga og reglugerða um fiskeldi til fjölda ár. Undirritaður hefur haft frumkvæði að ýmsum tillögum er varða vöktun og mótvægisáðgerðir til að lágmarka umhverfisáhrif laxeldis í sjókvíum og í því sambandi er vísað til:

- Matskýrslu Háafells² og fyrri gögn sem er að finna á vef Skipulagsstofnunar allt frá árinu 2011.
- Umsögn við fiskeldisfrumvarpið árið 2019 þar sem m.a. var bent á að „Íslendingar munu standa að baki nágrannalöndum í umhverfismálum laxeldis er varðar erfðablöndun, laxalús, heilbrigðismál og lífrænt álag“³.
- Greinagerða til alþingismanna er varðar áhættumatið⁴ og laxalús, heilbrigðismál og lífrænt álag⁵.

¹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/Matsskyrsla-Haafells-okt-2020-svort.pdf>

² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/Matsskyrsla-Haafells-okt-2020-svort.pdf>

³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemd-vi-fiskeldisfrumvarpi.pdf>

⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-haettumat-erfablndunar.pdf>

⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrluna.pdf>

Vinnubrögð laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigum erlendra aðila eru almennt allt önnur og má nálgast þau gögn á vef Skipulagsstofnunar.

Afmörkun verkefnis

Farið er fram á ráðgjafanefnd Hafrannsóknastofnunnar stuðli að því að gerð verði úttekt og niðurstöður kynntar opinberlega í greinagerð fyrir loka þessa árs:

- Látið fara yfir vinnubrögð við gerð og breytingar á áhættumati erfðablöndunar og metið hvort þar hafi verið unnið faglega og heiðarlega.
- Láta fara yfir vinnubrögð sérfræðinga stofnunarinnar við val á fyrirbyggjandi aðgerðum og af hverju stjórnvöldum var ekki kynntar mótvægisáðgerðir eins og þær þekkjast best erlendis.

2. Áhættumatið

Athugasemdir mínar

Áhættumat erfðablöndunar var fyrst gefið út árið 2017⁶ og síðan endurskoðað á árinu 2020⁷. Undirritaður gerði fjölda athugasemda við áhættumatið þegar lög um fiskeldi komu til umsagnar⁸ og jafnframt var öllum alþingismönnum send greinagerð um vorið 2019 er varðar áhættumatið⁹ og vinnubrögðin¹⁰. Í framhaldinu, til þess að vekja athygli á málinu hefur undirritaður birt fjölda greina í Bændablaðinu um áhættumati erfðablöndunar og greinarnar verið teknar saman í Fiskeldisfréttum 2. tölubl. 7. árg¹¹ og sérstaklega um litlu laxastofnanna sem á að fórna í Fiskeldisfréttum 3. tölb. 7. árg¹². Jafnframt hefur fram að þessu verið birt ein grein í Morgunblaðinu þar sem horft hefur verið til þess hvernig málin gætu þróast á næstu árum að óbreyttu¹³. Þessi upplýsingagjöf hefur fram að þessu engu skilað nema því að fram hefur komið að mörgum blöskrar framganga Hafrannsóknastofnunnar í þessu máli.

Fjárhagslegur ávinningur

Til að menn átti sig betur á málinu er fyrsta að nefna að uppbygging sjókvíaeldis á Íslandi hefur verið leitt af íslenskum fulltrúum erlenda fjárfesta til mikils fjárhagslegs ávinnings. Leikreglurnar voru mótaðar í skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi¹⁴ frá árinu 2017 þar sem áhættumat erfðablöndunar hefur stórt hlutverk. Það sorglega er að áhættumat erfðablöndunar er úthlutunarkerfi sem gagnast laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila og hefur lítið sem ekkert með umhverfisvernd að gera. Stjórnarformenn Arnarlax¹⁵ og Fiskeldis Austfjarða¹⁶ voru í stefnumótunarhópum og þeir og erlendir fjárfestar hafa tekið út tugmilljarða ávinning í formi eldisleyfa. Það stefnir í að verðmæti eldisleyfa á frjóum eldislaxi fari langt yfir 100 milljarða króna¹⁷. Eldisleyfin hafa verið verðlögð hátt og ekki að ástæðulausu að íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta hafa farið mikinn.

Litlu laxastofnanir

Í áhættumati erfðablöndunar er aðeins gert ráð fyrir að stökulax gangi upp í fjórar veiðiár á Vestfjörðum; Laugardalsá, Langadalsá, Hvannadalsá og Ísafjará. Athuganir Hafrannsóknastofnunar

⁶ https://www.hafogvatn.is/static/files/Gamli_vefur/hv2017_027.pdf

⁷ <https://www.hafogvatn.is/is/moya/extras/laxeldi>

⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemd-vi-fiskeldisfrumvarpi.pdf>

⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-haettumat-erfabindunar.pdf>

¹⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrsluna.pdf>

¹¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2020/11/Fiskeldisfrttir-02.07.2020.pdf>

¹² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/03/Fiskeldisfrttir-nr.-3-2020.pdf>

¹³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/07/11.-Morgunbladid-2021-01-25.pdf>

¹⁴ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9d0e56b5-87fa-11e7-9419-005056bc4d74>

¹⁵ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/09/14.-Morgunbladid-2021-08-09.pdf>

¹⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/09/15.-Morgunbladid-2021-08-23.pdf>

¹⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/09/16.-Baendabladid-2021-08-26.pdf>

stofnunar á seiðabéttleika sýna að villtur lax gengur til hrygningar í fleiri veiðiár á Vestfjörðum og hafi þar myndað náttúrulega stofna. Á Vestfjörðum eru tæplega 25 veiðiár með laxalykt¹⁸. Vísindanefnd sem var falið að gera úttekt á áhættumati erfðablöndunar fékk ekki upplýsingar um fjölda áa sem falla í þennan flokk á Íslandi, né heldur hvar þær eru (í tengslum við firði þar sem fiskeldi er stundað) eða hvaða aðstæður gilda um þessa stofna¹⁹. Ef Hafrannsóknastofnun ætlar að viðhafa fagleg og heiðarleg vinnubrögð þarf að vakta og verja alla þessa stofna. Það kann að vera einhver ástæða fyrir því að ekki er vilji að upplýsa um þessa stofna eða vakta og verja – og þá er spurt hver er ástæðan? Það kunna hugsanleg einhver rök að vera fyrir því að ekki verði farið út í að verja veiðiár með litlum laxastofnum, en það verður ekki horft frá þeirri staðreynd að með því að sleppa þeim fæst allt önnur niðurstaða úr reiknilíkani áhættumats erfðablöndunar í samanburði við það þegar allar veiðiár með villtum laxi eru teknar með.

Veiðiár í Ísafjarðardjúpi

Í Ísafjarðardjúpi rannsakaði Hafrannsóknastofnun seiðabúskap í fjórtán veiðiám um sumarið 2016 og reyndist lax vera ríkjandi tegund í um helmingi þeirra. Niðurstöður þessarar rannsóknar er eingöngu að finna í formi bréfs til Landssambands veiðifélaga²⁰. Af hverju eru þessi rannsókn ekki birt opinberlega? Af hverju tekur áhættumat erfðablöndunar ekki tillit til allra veiðiáa með villtum laxi í Ísafjarðardjúpi? Þar með talið litlu stofnunum sem er viðkvæmastir eins og vísindanefnd bendir á²¹. Þess er farið fram á að Hafrannsóknastofnun birti niðurstöður þessarar rannsóknar opinberlega sem lið í að verja og viðhalda hreinum villtum laxastofnum í Ísafjarðardjúpi.

Viðmiðanir og vöktun

Það eru aðeins tvær veiðiár á Vestfjörðum þar sem stunduð er viðunandi vöktun en í þeim er notaður Árvaki. Það er tekið erfðasýni í örfáum ám en þar er vandamálið að það er engin viðmiðun fyrir erfðablöndun. Í festum veiðiám á Vestfjörðum er engin markviss vöktun og því ekki vitað um hvort og hvenær farið er yfir 4% sem haft er til viðmiðunar sem hámarks hlutfall eldislaxa í veiðiá. Þar sem umhverfismál laxeldis eru tekin alvarlega eins t.d. í Noregi²² er strax brugðist við slysasleppingu og gengið í að veiða eldisfisk og einnig er metið hlutfall eldislaxa í fjölmörgum veiðivötnum á haustin.

Skortur á vöktun og engin viðbrögð

Þrátt fyrir ítrekaðar slysasleppingar t.d. í Arnarfirði er ekki farið markvist í veiðiár í firðinum og kannað hvort og í hve miklu mæli þar er að finna eldislax. Af hverju er það ekki gert? Skipta litlu veiðiárnar engu máli? Skv. íslenskum og erlendum rannsóknum²³ sækir eldislax í mestu mæli í veiðiár í nágrenni við sleppistað og sérstaklega í stærra fjarðarkerfa eins og í tilfelli Arnarfjarðar. Hafrannsóknarstofnun kannar ekki hlutfall eldislaxa markvisst í veiðiám á eldissvæðum og fær þar með ekki réttar forsendur á atferli og dreifingu strokulaxa til að styðjast við í líkani áhættumatsins. Af hverju eru þessi vinnubrögð viðhöfð? Undirritaður hefur ítrekað bent á allt frá árinu 2016²⁴ að Norðmenn fara í veiðiár í nágrenni við sleppistað og fjarlægi strokulax úr þeim og þannig einnig fengið góðar upplýsingar um atferli og dreifingu.

Eru forsendurnar réttar?

Hér verður ekki farið út í reiknilíkanið að þessu sinni eða forsendur nema aðeins þeirra er varðar fjöld veiðiáa með villtum laxastofnum á Vestfjörðu sem stuðst er við í líkaninu. Í reiknilíkanið er aðeins tekinn hluti veiðiáa á Vestfjörðum með villtum laxi, en í því samhengi er ástæða til að benda í sambærilegu líkani fyrir Nýfundaland eru allar veiðiár með laxi teknar með. Um þá rannsókn

¹⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/03/Fiskeldisfrttir-nr.-3-2020.pdf>

¹⁹ <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>

²⁰ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/09/Bref-Hafro-Fra-LV.pdf>

²¹ <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>

²² <https://www.fiskeridir.no/Akvakultur/Drift-og-tilsyn/Roemming>

²³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/Matsskyrsla-Haafells-okt-2020-svort.pdf>

²⁴ <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvæmda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/855#fath>

hefur verið birt vísindagrein²⁵ og einn af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar meðhöfundur. Af hverju er ekki beitt sömu vinnubrögðum og stuðst við sambærilegar forsendur í þessum tveimur reiknilíkönum?

Sagt á annan hátt heldur áhættumatið því fram að í tilfelli báts með um 25 göt á skrokknum renni aðeins inn sjór um fjögur þeirra. Hér er því um að ræða meiriháttar staðreyndavillu í áhættumatinu²⁶.

Endurútreikningar

Eflaust hafa sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar ekki áttað sig á því að verið er að hagræða niðurstöðum í útreikningi á framleiðsluheimildum fyrir frjóa eldislaxa í reiknilíkani áhættumatsins fyrir Vestfirði. Í fyrstu útgáfu áhættumatsins hafi mönnum sennilega ekki verið ljóst að með að sleppa fjölmörgum veiðiam með villtum laxi í líkaninu kæmi röng niðurstaða. Hér er um meiriháttar villu að ræða og þungt skref fyrir Hafrannsóknastofnun að leiðrétta opinberlega. Farið er fram á að gerðir verði eftirfarandi endurútreikningar:

- Endurskoða útreikninga á framleiðsluheimildum á frjóum eldislaxi í áhættumati erfðablöndunar frá 2017. Teknar verði inn í reiknilíkanið allar veiðiar með villtum laxi, skv. rannsóknnum Hafrannsóknastofnunar, og endurreiknaðar framleiðsluheimildir fyrir firði á sunnanverum og norðanverðum Vestfjörðum.
- Varðandi áhættumat frá 2020 verði gerður endurútreikningur á mögulegum framleiðsluheimildum á eldi á frjóum laxi á Vestfjörðum miðað við að heimilað verði laxeldi innan við Æðey í Ísafjarðardjúpi. Í útreikninginn verði teknar með allar veiðiar með villtum laxi á Vestfjörðum. Ef verulegur munur er í niðurstöðum verði færð rök fyrir af hverju sá munur er.

Gerð verði úttekt

Farið er fram á að gerð verði úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar. Hér að ofan eru nefnd nokkur atriði sem ber að rýna. Jafnframt eru fjölmargar athugasemdir í greinum og greinagerðum (kafla 6) sem ég hef skrifað sem eðlilegt er að teknar verði með og svarað af Hafrannsóknastofnun. Það er löngu tímabært að Hafrannsóknastofnun fari faglega yfir allar mínar athugasemdir og vísindanefndar²⁷.

3. Ósanngjarn úthlutunarkerfi?

Hafrannsóknastofnun úthlutar

Löggjafinn hefur komið því þannig fyrir að áhættumat erfðablöndunar hefur verið úthlutunarkerfi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila og er því mikilvægt verkfæri sem íslenskir fulltrúar erlendra fjárfesta hafa horft til. Stofnunin vinnur eftir þeim lögum sem henni eru settar en mikið eðlilegara hlutverk hennar væri að vera í hlutverki ráðgjafa til stjórnvalda, líkt og tíðkast í aflamarkskerfinu. Hlutverk Hafrannsóknastofnunar er hér því stórt og mikilvægt að vandað sé til verka. Óheppilegt er að stofnunin úthluti heimildum beint og sé þannig bitbein um gífurlega hagsmuni.

Horft yfir sviðið - Áhættumatið

Niðurstaðan er sú að útkoma áhættumats hafa verið hagfelldar laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila á kostnað íslenskra fyrirtækja.

- *Úthlutun 2017:* Athyglisvert er að Arnarlax fær allar sínar fyrirhuguðu framleiðsluheimildir á sunnanverðum Vestfjörðum en stjórnarformaður fyrirtækisins var í stefnumótunarhópnum. Á sama tíma var lokað fyrir allt eldi í Ísafjarðardjúpi þrátt fyrir að reiknilíkan

²⁵ <https://www.int-res.com/articles/aei2020/12/q012p045.pdf>

²⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/07/11.-Morgunbladid-2021-01-25.pdf>

²⁷ <https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/2029.pdf>

áhættumatsins gæfi möguleika á nokkurra þúsunda tonna eldi og þar með var fyrirhugað laxeldi íslenskra fyrirtækja slegið út af borðinu. Af hverju var ekki farin sú leið að úthluta framleiðsluheimildum á öllum svæðum á Vestfjörðum þannig að öll fyrirtækin fengju einhverjar heimildir?

- *Tilraunareldi:* Fljótlega eftir útgáfu áhættumats erfðablöndunar árið 2017 gaf Hafrannsóknastofnun út fréttatilkynningu um væntanlegt tilraunareldi í Ísafjarðardjúpi. Hafrannsóknastofnun hefur eflaust áttað sig að ekki væri heiðalega unnið og 3.000 tonna heimildir stóðu eftir skv. reiknilíkani áhættumatsins þegar laxeldisfyrirtæki á sunnanverðum Vestfjörðum höfðu fengið allt sitt. Ekkert heyrðist meira um þetta tilraunareldi og eflaust hefur niðurstaðan verið sú að ekki hafi verið lagaheimild fyrir því.
- *Úthlutun 2020:* Niðurstaðan var m.a. að Ísafjarðardjúp var opnað utan við Æðey til eldis á frjóum laxi. Með þessari ákvörðun í skjóli áhættumats erfðablöndunar var aftur barið á íslensku fyrirtæki sem fyrirhugaði eldi innan við Æðey. Þessi ákvörðun er óskiljanleg. Hvar eru faglegu rökin fyrir því að ekki er heimilt að vera með eldi á frjóum laxi innan við Æðey?

4. Náttúruvernd og mótvægisáðgerðir

Byrgja bruninn

Fyrsta mikilvæga atriðið við áhættumatsvinnu er að reyna að koma í veg fyrir, í þessu tilviki, erfðablöndun. Fara strax í að „byrgja bruninn áður en barnið fellur ofan í hann“ en ekki fara þá leið sem áhættumati erfðablöndunar felur í sér að „telja fjölda barna sem falla ofan í bruninn“. Leiðin er að setja „lok á bruninn“ með öðru þrepi mótvægisáðgerða, með að hindra uppgöngu eldislaxa eða fjarlægja úr veiðivatni²⁸.

Áhættumat erfðablöndunar er ónothæft til náttúruverndar. Það er því kominn tími að huga að náttúruvernd sem felast fyrst og fremst í mótvægisáðgerðum og hafa varúðarnálgun að leiðarljósi. Kostur við fyrirbyggjandi áðgerðir og fjarlægingu á eldislaxi er sá að hægt er að nota sömu aðferð gegn hnúðlaxi sem nú ryðst inní vistkerfi íslenskra laxastofna.

Mótvægisáðgerðir

Mótvægisáðgerðir geta verið fjölmargar og má skipta niður í fyrsta og annað þrep mótvægisáðgerða:

- Fyrsta þrep mótvægisáðgerða sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að eldislax sleppi úr eldiskvíum, s.s. með öflugum búnaði og öguðum vinnubrögðum.
- Annað þrep mótvægisáðgerða sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að eldislax sem sleppur nái að hrygna í veiðivötnum, s.s. fjarlægja eldislax fyrir hrygningu.

Búnaðarstaðalinn

Búnaðarstaðalinn er mikilvægast fyrsta þrep mótvægisáðgerða. Það var á árinu 2011 að komið var með tillögu að því að taka upp norska búnaðarstaðalinn NS 9415 sem var lögfestur í lögum um fiskeldi árið 2014 og vann undirritaður síðan að reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi²⁹. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar voru ekki betur inn í málinu en að í áhættumati erfðablöndunar var lagt til að innleiða búnaðarstaðalinn á árinu 2017³⁰. Innleiðing á búnaðarstaðlinum er ein mikilvægast mótvægisáðgerðin til draga úr líkum á að eldislax sleppi úr sjókvíum og hrygni með náttúrulegum laxastofnum.

Áhættumatið vinnur ekki að náttúruvernd

²⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-haettumat-erfablndunar.pdf>

²⁹ <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/19913>

³⁰ <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2017-027.pdf>

Áhættumat erfðablöndunar hefur verið notað til að úthluta framleiðsluheimildum og hefur lítið með náttúrvernd að gera. Í greinagerð sem send var til allra alþingismanna kemur fram að áhættumatið muni ekki virka sem stjórnáskilgæði en þar kemur m.a. eftirfarandi fram³¹:

„Aðferðafræði Áhættumats erfðablöndunar byggir á að mæla, fylgjast með og bregðast ekki við á meðan atburður á sér stað og eftir að erfðablöndun hefur verið mæld minnka framleiðsluheimildir. Norðmenn eru hættilir að mæla eingöngu hlutfall eldislaxa í veiðivötnum eins og þeir gerðu framan af. Nú eru þeir byrjað að grípa inn í atburðarásina, hafa varúðarregluna til viðmiðunar og fjarlægja eldislax úr veiðivötnum eftir áratuga erfðablöndun í norskum veiðivötnum. Áhættumat erfðablöndunar er með innbyggða erfðablöndun, nokkuð sem við eigum að reyna að koma í veg fyrir“.

Ísland er eina landið í heimi sem styðst við áhættumat erfðablöndunar við framleiðslustjórnun. Í Noregi er þessi leið ekki farin lengur þar sem lítið er þannig á að almennt er auðvelt að fjarlægja eldislaxinn úr veiðiam fyrir hrygningu. Erlendis er algengt að stjórnað sé út frá álagi frá laxalúsum sem í raun er eina umhverfisvandamál laxeldis sem erfitt er að hafa stjórn á.

Það er verið að brjóta í bága við lög

Það vekur athygli að í vinnu stefnumótunarhópsins er snýr að áhættumati erfðablöndunar að ekki er minnst einu orði á lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð³². Sú aðferðafræði sem áhættumat erfðablöndunar styðst við er að brjóta í bága við lög um umhverfisábyrgð þar sem m.a. kveðið er á um að sá sem veldur mengun, láti taka til eftir sig og greiði kostnaðinn. Þessi lög ná einnig yfir laxfiska og erfðablöndun. Farið er fram á að Hafrannsóknastofnun láti fara yfir aðferðafræði áhættumats erfðablöndunar m.t.t. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og geri viðeigandi breytingar til að áhættumatið standist þau lög.

Mótvægisáðgerðir Hafrannsóknastofnunar

Mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í áhættumati erfðablöndunar eru haldlitlar og jafnvel beinlínis skaðlegar í sumum tilvikum ef þeim verður komið í framkvæmd. Norðmenn eru búnir að komast að þeirri niðurstöðu að fyrsta þrep mótvægisáðgerða á eldissvæði er ekki nægilegt og hafa því virkja annað þrep mótvægisáðgerða. Það er ekki gert ráð fyrir öðru þrepi mótvægisáðgerða í áhættumati erfðablöndunar með að hindra uppgöngu eða fjarlægja eldislax úr veiðivatni fyrir hrygningu og þannig horft fram hjá því sem best þekkist erlendis³³. Í áhættumati i erfðablöndunar frá 2020³⁴ eru Íslendingar þó byrjaðir að nálgast það sem best þekkist erlendis:

„Árvakar eru þó almennt ekki hugsaðir sem mótvægisáðgerð heldur fyrst og fremst vöktunarbúnaður. Í neyðartilfellum getur þessi tækjabúnaður þó nýst sem mótvægisáðgerð, þ.e. þegar stórir og óvæntir atburðir verða þess valdandi að fjöldi fiska strjúki“.

Þetta er jákvæð breyting hjá Hafrannsóknastofnun, en hver er þá tilgangurinn með áhættumati erfðablöndunar þegar farin verður sú leið að fjarlægja eldislax úr veiðiam?

Stjórnvöld ekki upplýst

Í greinagerð sem undirritaður sendi til allra alþingismanna á árinu 2019 kemur m.a. eftirfarandi fram³⁵:

„Í Áhættumati erfðablöndunar og stefnumótunarskýrslunni eru stjórnvöld ekki upplýst um virkustu vöktunaraðferðina, haustvöktun og annað þrep mótvægisáðgerða, hindra uppgöngu eða fjarlægja eldislax úr veiðivatni, sem tekin hafa verið upp í Noregi eftir áratuga erfðablöndun“.

Það er mikill munur á þeirri aðferðafræði sem notuð er hér á landi og í Noregi (tafla 1). Farið er fram á að gerð verði grein fyrir því af hverju Hafrannsóknastofnun velur að upplýsa ekki stjórnvöld um mótvægisáðgerðir eins og best þekkjast erlendis til draga úr líkum á erfðablöndun.

³¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrsluna.pdf>

³² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrsluna.pdf>

³³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-haettumat-erfablndunar.pdf>

³⁴ https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/ANR/KThj/Endursko%c3%b0u%c3%b0_R%c3%a1%c3%b0gj%c3%b6f_%c3%81h%c3%a6ttumat2020_loka%20til%20birtingar.pdf

³⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrsluna.pdf>

Tafla 1. Samanburður á norsku og íslensku leiðinni skv. áhættumati erfðablöndunar³⁶.

	Norska leiðin	Íslenska leiðin
Hugmyndafærðin	Reyna að koma í veg fyrir að eldislax nái að ganga upp í veiðiár og hrygna.	Eldislaxi hleypt upp í veiðiár og það á að grípa til aðgerða eftir að tjón hefur átt sér stað.
Viðmiðanir	Miða við að halda hlutfalli eldislaxa undir 4% í veiðiám með að fjarlægja sjáanlegan eldislax.	Miða við 4% sem verður aðeins hægt að staðfesta í örfáum veiðivötnum. Það er engin viðmiðun til fyrir erfðablöndun.
Mótvægisáðgerðir	Komnir með mikla reynslu í fyrsta þrepi mótvægisáðgerða og grípa strax til annars þreps mótvægisáðgerða við slysasleppingu alla leið upp í veiðiár.	Fyrsta þrep mótvægisáðgerða er ábótavant og annað þrep mótvægisáðgerða er ekki virkjað.
Vöktun	Eru með haustvöktun og fá tiltölulega góðar upplýsingar um hlutfall eldislaxa í veiðiám.	Vöktun á hlutfalli eldislaxa er ábótavant og hlutfall eldislaxa liggur ekki fyrir nema í örfáum veiðiám.
Viðbrögð (ábyrgð)	Eldisaðila gert skylt eftir slysasleppingu að fjármagna vöktun og fjarlægja eldislax úr veiðiám í nágrenninu. Eldisfyrirtæki greiða í sjóð sem fjármagnar áðgerðir til að fjarlægja eldislax af óþekktum uppruna úr fjölmörgum veiðiám.	Eldisaðila ekki gert skylt að fjármagna áðgerðir. Það er fylgst með, ekkert gert strax, en gripið til aðgerða eftir að tjón hefur átt sér stað. Ólíklegt að farið verði í niðurskölun framleiðsluheimilda sem getur tekið jafnvel áratugi.

Tillögur Fiskistofu hunsaðar

Fiskistofa fer með stjórnábyrgð veiðivatna lagði til við starfshóp um stefnumótun í fiskeldi að fjarlægja eldislax úr veiðivatni sem stefnumótunarhópurinn ákveður að hunsaðar³⁷. Af hverju eru ábendingar Fiskistofu hunsaðar? Átti sér stað samtal á milli Hafrannsóknastofnunnar og Fiskistofu þegar unnið var að gerð áhættumats erfðablöndunar og ef svo er voru tillögur þeirra þá hunsaðar?

5. Að lokum

Það verður að harma að undirritaður hefur þurft að fara þessa vegferð, en ástæðan er að mér ofbíður vinnubrögðin. Ég hef unnið mikið fyrir Hafrannsóknastofnun og veit að í grunnin að þar er gott starfsfólk og stofnunin er að vinna faglega að mörgum málefnum er tengjast sjávarútvegi og einnig mörgum málum fiskeldis. Það er tekið skýrt fram að þetta er ekki atlega að núverandi forstjóra Hafrannsóknastofnunnar, hann tók því miður við slæmu búi er þetta mál varðar. Það er von mín að nýr forstjóri og ráðgjafanefndin taki á þessum málum og láti fara fram úttekt á vinnubrögðunum og gera viðeigandi ráðstafanir. Mikilvægt er að stofnunin verði fyrir sem minnstum álitshnekki í þessu máli og unnið verði samhliða úttekt að skynsamri að farsælli lausn sem hægt er að byggja á til framtíðar. Í þeirri vinnu verði horft til landa sem hafa mun lengri reynslu af sambýli laxeldis í sjókvíum og villtra laxastofna. Eftir að Norðmenn höfðu horft upp á áratuga langa erfðablöndun hefur verið gripið til öflugra mótvægisáðgerða og varúðarsjónarmiða á síðustu árum:

- Strax eftir slysasleppingu eru veiðiár í firðinum og nágrenninu vaktaðar og allur sjáanlegur eldislax fjarlægður.
- Um haustið er farið í fjölmargar veiðiár þar sem hlutfall stökulaxa hefur verið hátt og eldislax fjarlægður fyrir hrygningu.

³⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/8.-Baendabladiid-10.09.2020.pdf>

³⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2019/06/Fylgiskjal-5.-Athugasemdir-vi%C3%B0-%C3%81h%C3%A6ttumat-erf%C3%B0abl%C3%B6ndunar.pdf>

Undirritaður er að taka saman greinagerð þar sem farið verður í gegnum allt ferlið er varðar undirbúning og gerð laga um fiskeldi og einnig hvernig hefur verið staðið að málum eftir að lögin voru samþykkt. Mikilvægt er vinna faglega að greinagerðinni, byggja á faglegum rökum og halda sig við staðreyndir. Reynt verður að byggja sem mest á skriflegum gögnum og í því sambandi er búið að fá allar fundagerðir stefnumótunarhópsins og samráðsnefndar um fiskeldi.

Það er miður að þurfa að fara þessa leið og vona að þessi framganga mín hafi ekki áhrif á önnur verkefni sem nú er unnið með og vonandi verður unnið með Hafrannsóknastofnun á næstu árum.

6. Heimildir

- Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. „Fljótandi að feigðarósi“ – Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.). Þingskjal 1060 – 647. mál á 149. löggjafarþingi 2018- 2019. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 26 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 62 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 54 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar – Hver passar upp á íslenska náttúru? Bændablaðið 07.05.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar – Of fá veiðivötn skilgreind. Bændablaðið 20.05.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Það er búið að lögfesta heimild til erfðablöndunar á villtum íslenskum laxastofnum. Bændablaðið 04.06.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og sjálfbærir villtir laxastofnar. Bændablaðið 02.07.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og mótvægisáðgerðir. Bændablaðið 16.07.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og vöktun laxastofna. Bændablaðið 30.07.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og viðbrögð við slysasleppingum. Bændablaðið 20.08.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar sem íslenska leiðin. Bændablaðið 10.09.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar í nýju föt keisarans. Bændablaðið 24.09.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Rýniskýrslan og vöktun laxastofna. Bændablaðið 08.10.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnanir sem á að fórna. Bændablaðinu 05.11.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnunum fórnað til að auka framleiðsluheimildir á frjóum eldislaxi. Bændablaðinu 19.11.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnarnir – Skortur á vöktun og hugsanlegar skaðabótakröfur. Bændablaðið 03.12.2020.
- Valdimar Ingi Gunnarsson 2021. Áhættumat erfðablöndunar verkfæri íslensku leiðarinnar. Morgunblaðið 25.01.2021.


Allar greinarnar sem birtar hafa verið í Bændablaðinu um áhættumat erfðablöndunar er hægt að lesa í [Fiskeldisfréttum 2, tölubl. 7. árg](#) ³⁸ en þar mynda þær eina heild.

³⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2020/11/Fiskeldisfrttir-02.07.2020.pdf>

Allar greinarnar um litlu laxastofnana er hægt að lesa í [Fiskeldisfréttum 3, tölubl. 7. árg.](#) en þar mynda þær eina heild³⁹.

Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerða laga um fiskeldi og heilstætt yfirlit um málið er að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017



Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
valdimar@sjavarutvegur.is

³⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/03/Fiskeldisfrttir-nr.-3-2020.pdf>